

2. SEPTEMBER
2022

HARPA
ELDBORG

Klassíkin Okkar

EINLEIKARAVEISLA



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum á meðan
tónleikum standur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverks.



Tónleikarnir eru samstarfsverkefni Sinfóníuhljómsveitar Íslands og RÚV.
Þeir verða sendir út beint á RÚV og Rás 1.

Klassíkin okkar

EINLEIKARAVEISLA

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Daníel Bjarnason

Hljómsveitastjóri

Rannveig Marta Sarc

Edda Erlendsdóttir

Stefán Jón Bernharðsson

Steiney Sigurðardóttir

Dísella Lárusdóttir

Mikolaj Frach

Julia Hantschel

Jóhann Már Nardeau

Erna Vala Arnardóttir

Grímur Helgason

Sigurður Flosason

Ari Þór Vilhjálmsson

einleikarar

Antonio Vivaldi

Konsert nr. 2 í g-moll op. 8, RV315 – „Sumarið“ (L'estate) (1725)

3. kafli, *Presto*

Wolfgang Amadeus Mozart

Hornkonsert nr. 4 í Es-dúr K. 495 (1786)

3. kafli, *Rondo*

Wolfgang Amadeus Mozart

Píanókonsert nr. 21 í C-dúr, K. 467 (1785)

2. kafli, *Andante*

Dmitrij Sjostakovítsj

Sellókonsert nr. 1 í Es-dúr op. 107 (1959)

1. kafli, *Allegretto*

Wolfgang Amadeus Mozart

Exsultate, Jubilate K 165 (1773)

1. þáttur, *Exsultate, Jubilate*

Frédéric Chopin

Píanókonsert nr. 1 í e-moll op. 11, (1830)

3. kafli, *Rondo-Vivace*

HLÉ

Alessandro Marcello

Óbókonsert í d-moll, S D935 (1717)

2. kafli, *Adagio*

Joseph Haydn

Trompetkonsert í Es-dúr, Hob. VIIe/1 (1796)

3. kafli, *Allegro (rondo)*

Maurice Ravel

Píanókonsert í G-dúr (1931)

2. kafli, *Adagio assai*

Carl Maria von Weber

Klarinettukonsert nr 1 í f-moll, op. 73 (1811)

1. kafli, *Allegro*

Veigar Margeirsson

Rætur – konsert fyrir saxófón og hljómsveit (2007)

2. kafli, Leikur („Hættu að gráta hringaná“)

Pjotr Tsjajkovskíj

Fiðlukonsert í D-dúr op. 35 (1878)

3. kafli, *Finale: Allegro vivacissimo*



Daníel Bjarnason

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Daníel Bjarnason hefur átt farsælt samstarf við Sinfóníuhljómsveit Íslands í rúman áratug, bæði sem hljómsveitarstjóri og tónskáld. Hann hefur unnið með og fengið verk sín flutt af fjölda hljómsveita og má þar nefna Sinfóníuhljómsveit Íslands, Fílharmóníusveitirnar í Los Angeles og New York, Sinfóníuhljómsveitirnar í Toronto, Winnipeg, Melbourne og Adelaide, Sinfóníuhljómsveit BBC í Skotlandi, Residentie-hljómsveitina, Ulster-hljómsveitina, Britten-sinfóníuna og Sinfóníettuna í Kraká. Hann hefur gefið út fjórar plötur hjá plötufyrirtækinu Bedroom Community, Processions (2010), Solaris (2012), Over Light Earth (2013) og Collider (2018). Meðal helstu verka Daníels eru óperan Brothers sem sýnd var á Íslandi á Listahátíð í Reykjavík við mikla hrifningu, og fiðlukonsert sem var pantaður af Fílharmóníusveit Los Angeles og Sinfóníuhljómsveit Íslands, og frumfluttur af Pekka Kuusisto og fyrrnefndu sveitinni undir stjórn Gustavos Dudamel í Hollywood Bowl. Daníel hefur gegnt stöðum staðarlistamanns og aðalgestastjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands og gegnir nú stöðunni „listamaður í samstarfi“.

Meðal nýlegra verkefna Daníels með Sinfóníuhljómsveit Íslands má nefna Íslandsfrumflutning á píanókonsertri hans, FEAST, en Víkingur Heiðar Ólafsson lék hann með hljómsveitinni undir stjórn Daníels í vor. Þann 19. janúar næstkomandi hlýtur svo nýr slagverkskonsert Daníels Íslandsfrumflutning á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands, en það er einn fremsti slagverksleikari heims, Martin Grubinger, sem fer með einleikshlutverkið undir stjórn Evu Ollikainen aðalhljómsveitarstjóra Sinfóníunnar.



Rannveig Marta Sarc

EINLEIKARI

Rannveig Marta Sarc var valin Bjartasta vonin í flokki sígildrar og samtímatónlistar á Íslensku tónlistarverðlaununum í ár. Hún fæddist í Slóveníu og hóf fiðlunám 4 ára gömul en 11 ára flutti hún til Íslands. Hún lauk framhaldsprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík og stundaði svo nám við Juilliard-tónlistarháskólann í New York, en þaðan lauk hún bakkalár- og meistaraþrófi með styrk frá The Kovner Fellowship. Rannveig hefur m.a. verið einleikari með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Slóvensku filharmóníunni, Bacau “Mihail Jora” filharmóníunni og Sinfóníuhljómsveit unga fólksins (Ungfóníu). Á vettfangi kammertónlistar hefur hún komið fram á tónlistarhátíðum í Ravinia, Prussia Cove, Aspen og NEXUS Chamber Music Chicago. Hún er meðlimur í Kammersveitinni Elju, New York Classical Players og spilar reglulega í Sinfóníuhljómsveit Chicago. Rannveig er ótull flytjandi samtímatónlistar. Sem meðlimur Dúó Freyju gaf hún út plötu með sex dúettum fyrir fiðlu og víólu eftir íslenskar konur og var hópurinn tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2022.

Feneyingurinn Antonio Vivaldi (1678-1741) var eitt mikilvirkasta og áhrifamesta tónskáld barokktímabilsins á Ítalíu og setti mark sitt meðal annars á þróun konsertformsins með hátt í 500 einleikskonsertum þar sem samspil einleikara og hljómsveitar taka á sig margvíslegar myndir. Fiðlukonsertarnir fjórir sem kenndir eru við árstíðirnar eru án efa frægustu verk Vivaldis í dag. Í Sumrinu ríkir framan af sólskin, hiti og fuglasöngur - en í lokakaflanum sem hér hljómar brestur á með þrumuveðri, ausandi rigningu og hagléli sem steypist yfir akurinn, ungum fjárhirði til hrellingar. Við flutning þessa kafla er farið að venjum barokktímans og leikið án hljómsveitarstjóra, enda hljómsveitin hófleg að stærð og samspilið milli einleikara og hljómsveitar náíð.



Stefán Jón Bernharðsson

EINLEIKARI

Stefán Jón Bernharðsson er leiðari horndeildar Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hann lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1998, þar sem Jósef Ognibene var kennari hans, stundaði síðan nám hjá Frýydísi Ree Wekre við Tónlistarháskólann í Osló, og lauk prófi þaðan 2005. Frá árinu 2000 hefur Stefán Jón svo verið fastráðinn við Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hann kemur oft fram sem einleikari með hljómsveitum og á hátíðum á Norðurlöndum og hefur tekið upp einleikskonserta með Sinfóníuhljómsveit Íslands og Kammersveit Reykjavíkur. Stefán Jón er einn fremsti hornleikari sinnar kynslóðar og fær því regluga boð um að leika sem gesta-leiðari í öðrum hljómsveitum eins og t.d. Mahler Kammersveitinni, Fílharmóníuhljómsveitunum í Stokkhólmi og Osló, Sinfóníuhljómsveitunum í Melbourne og Gautaborg, Þýsku Sinfóníuhljómsveitinni í Berlín og Fílharmóníusveit franska útvarpsins í París. Hann hefur einnig unnið fyrstu verðlaun í Conoco Phillips tónlistarkeppninni í Osló, önnur verðlaun í alþjóðlegu hornkeppninni Lieksa í Finnlandi og þriðju verðlaun í alþjóðlegu hornkeppninni Cittá di Porcia á Ítalíu.

Wolfgang Amadeus Mozart (1756-1791) samdi alls fjóra konserta fyrir horn og hljómsveit og voru þeir allir ætlaðir sama hornleikaranum, Joseph Leutgeb, sem var meðal fremstu hornleikara Austurríkis á sinni tíð. Á þessum tíma var hornið enn vanþróað í samanburði við hljóðfæri nútímans. Á því voru engir takkar, svo erfitt var að ná úr því öðrum tónum en þeim sem fylgja hinni náttúrulegu yfirtónaröð. Snilld Lautgebbs fólst ekki síst í því hvernig hann gat töfrað fram alla tóna krómatíska tónstigans úr hljóðfærinu með því að stinga hendinni inn í bjöllu hornsins og hreyfa hana þar til. Þessa hæfni einleikarans nýtir Mozart sér í ystu æsar og skrifar æsileg tónahlaup – ekki síst í lokakafnanum sem hér er á efnisskrá.



Edda Erlendsdóttir

EINLEIKARI

Segja má að einleikskonsertinn sem tónsmíðaður hafi náð mikilvægum áfanga þegar fortepíanóíð kom til sögunnar seint á átjándu öld en þar var loksins komið kröftugt hljóðfæri sem hafði í fullu tré við mannarga hljómsveit. Wolfgang Amadeus Mozart samdi 23 píanókonserta og mótaði að mörgu leyti formið, ekki síst með hinum innblásnu og frumlegu konsertunum sem til urðu á árunum 1784-6 í tengslum við tónleikaröð sem tónskáldið stóð fyrir í Vínarborg. Áskrifendur að tónleikaröð Mozarts áttu þess kost að heyrja tónskáldið frumflytja eigin píanókonserta með hljómsveit og þar hljómaði konsertinn nr. 21 í C-dúr í fyrsta skipti í mars 1785.

Edda Erlendsdóttir hefur um árabil verið í fremstu röð íslenskra hljóðfæraleikara. Hún stundaði nám við Tónlistarskólann í Reykjavík og framhaldsnám við Tónlistarháskólann í París, þar sem hún hefur verið búsett í fjölmörg ár. Hún kenndi og starfað í Frakklandi, m.a. við Tónlistarháskólann í Lyon og Tónlistarskólann í Versöllum og starfar nú sem gestakennari við Listaháskóla Íslands. Edda hefur haldið fjölmarga tónleika og tekið þátt í tónlistarhátíðum í flestum löndum Evrópu, í Bandaríkjunum og í Kína. Efnisskrár hennar spanna fyrstu verkin skrifuð fyrir fortepíanó til samtímatónlistar og hefur hún fumflutti á Íslandi nokkur meistaraverk 20.aldar m.a. eftir Henri Dutilleux, Pierre Boulez og Alban Berg, auk þess sem hún hefur verið ötull flytjandi nýrrar, íslenskrar tónlistar. Edda er meðlimur í kammerhópnum Le Grand Tango sem undir stjórn Oliviers Manoury bandoneonleikara hefur sérhæft sig í flutningi á argentískum tangó. Hún hefur gefið út diska með píanóverkum eftir C.P.E.Bach, Berg, Grieg, Haydn, Liszt, Schönberg, Schubert og Tsjajkovskíj sem hlotið hafa viðurkenningu og lof gagnrýnenda. Diskur hennar með 4 píanókonsertum eftir Haydn með Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Kurt Kopecky hlaut Íslensku Tónlistarverðlaunin. Edda Erlendsdóttir var sæmd riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir framlag sitt til tónlistar árið 2010.



Steiney Sigurðardóttir

EINLEIKARI

Steiney Sigurðardóttir er fædd árið 1996. Hún hóf sellónám 5 ára gömul hjá Örnólfi Kristjánssyni. Hún lauk framhaldsprófi vorið 2012 undir handleiðslu Gunnars Kvaran, aðeins 16 ára gömul. Frá áramótum 2013 til ársins 2015 var hún nemandi Sigurgeirs Agnarssonar við Listaháskóla Íslands og við Tónlistarskólann í Reykjavík þar sem hún útskrifaðist með burtfararpróf. Steiney hlaut styrk Halldórs Hansen fyrir framúrskarandi námsárangur og fyrir burtfararpróf sitt. Hún hóf nám 2016 í Tónlistarháskólanum í Trossingen í Þýskalandi þar sem hún lærði í fjögur ár undir handleiðslu Prof. Francis Gouton.

Steiney hefur leikið einleik með Hljómsveit Tónlistarskóla Reykjavíkur, Sinfóníuhljómsveit unga fólksins, Kammersveit Reykjavíkur og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Árið 2019 vann Steiney stöðu uppfærslumanns leiðara í sellódeild Sinfóníuhljómsveitar Íslands og hefur gengt þeirri stöðu síðan. Steiney er virk í tónlistarlífinu héraendis og spilar reglulega með kammerhóp sínum Dúó Eddu og með kammersveitinni Elju. Steiney hlaut verðlaun sem bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlaununum 2020. Sama ár hlaut hún einnig styrk Léonie Sonning fyrir ungt hæfileikaríkt tónlistarfólk.

Sellóleikarann Rostropovítsj langaði að biðja Sjostakovítsj að skrifa fyrir sig einleikskonsert og auðga þá flóru verka sem til væru fyrir sellóið en var of háttvís til þess að falast beinlínis eftir verkinu við tónskáldið. Eitt sinn mun hann hafa spurt eiginkonu Sjostakovítsj, hvernig best væri að bera sig að við að fá Sjostakovítsj til að semja fyrir sig konsert og ekki stóð á ráðleggingum frá henni: „Þú mátt ekki minnst á þetta við hann einu orði.“ Eins ótrúlega og það kann að hljóma hlýddi Rostropovítsj þessum ráðum og reyndust þau afar heilladrjúg, því árið 1959 barst honum fyrirvaralaus sending frá Sjostakovítsj: glænýr sellókonsert. Verkið gerir miklar kröfur til einleikarans. Fyrsti kaflinn er kraftmikill og háðskur – en jafnframt innilegur í samspili einleikara og hljómsveitar.



Dísella Lárusdóttir

EINLEIKARI

Dísella Lárusdóttir sópransöngkona þreytti frumraun sína hjá Metropolitan óperunni í New York í mars 2013 en síðan þá hefur hún sungið í yfir tíu öðrum óperuuppfærslum við óperuhúsið, en þrjár þeirra, *Francesca da Rimini* eftir Riccardo Zandonai, *Rusalka* eftir Antonin Dvorák og *Marnie* eftir Nico Muhly rötuðu í beinni útsendingu í kvikmyndahús um allan heim. Veturinn 2019-20 söng hún fjölbreytt hlutverk við óperuhúsið – þar með talið Giannettu í Ástardrykknum eftir Donizetti, Papagenu í Töfraflautu Mozarts og Woglinde í Götterdämmerung eftir Wagner, auk þess að fara með hlutverk Tye drottningar í rómaðri uppsetningu Phelims McDermott á óperunni Akhnaten eftir Philip Glass. Vorið 2022 hlaut svo Dísella hin virtu Grammy-verðlaun ásamt félögum sínum úr uppsetningunni, en verðlaunin voru veitt fyrir bestu óperuhljóðritun ársins. Dísella hefur einnig látið til sín taka á óperusviðinu í Evrópu á síðustu árum en frumraun hennar á meginlandinu var í óperu Albans Berg, Lulu, í Róm 2017. Dísella hefur víða komið fram sem einsöngvari, meðal annars í Carnegie Hall í New York, Disney Hall í Los Angeles ásamt fjölda tónlistarhátíða í Bandaríkjunum.

Wolfgang Amadeus Mozart var rétt að verða sautján ára þegar hann samdi mótettuna *Exsultate, jubilate* og var verkið frumflutt í Sant'Antonio-kirkjunni í Milánó í janúar 1773 þar sem hann hafði vetursetu með föður sínum. Heitið mótetta vísar vanalega til fjölradda verka fyrir kór, en hér er á ferðinni einskonar einleikskoncert fyrir sjálfa mannsröddina. Að líkindum var verkið ætlað til flutnings inni í messu, enda textinn trúarlegs eðlis og fyrsti kafliinn, sá sem hér hljómar, sannkallaður fagnaðarsöngur þar sem öllu er tjaldað til bæði í söng og hljóðfæraleik. Verkið er enn í dag með dádustu æskuverkuum Mozarts dádustu æskuverkum Mozarts.



Mikolaj Frach

EINLEIKARI

Mikolaj Ólafur Frach fæddist á Ísafirði árið 2000. Hann hóf píanónám hjá móður sinni, Iwonu Frach, sex ára gamall við Tónlistarskóla Ísafjarðar en næst stundaði hann nám hjá próf. Janusz Olejniczak við Chopin-tónlistarháskólann í Varsjá. Nú er hann í mastersnámi við Tónlistarakademíuna í Kraká undir handleiðslu próf. Mariola Cieniawa-Puchala. Hann er verðlaunahafi í fjölda tónlistarkeppna, meðal annars hlaut hann fyrstu verðlaun í píanókeppni Íslandsdeildar EPTA árið 2015 og fyrstu verðlaun í F. Chopin-píanókeppninni í Reykjavík 2019, þar sem hann hlaut einnig verðlaun fyrir besta flutning á verki eftir Chopin, og verðlaunahafi á Nordic Piano Competition í Ingesund 2019. Mikolaj kemur reglulega fram á einleikstónleikum á Íslandi, Þýskalandi, Póllandi, Hollandi og Litháen meðal annars á tónlistarhátíðum eins og *Chopin en Vacances* eða *Harasiewicz Piano Festival*. Hann er einnig mjög virkur í kammertónlist og hefur komið fram á tónleikum og tekið upp með virtustu pólsku fiðluleikurum m.a. Janusz Wawrowski og Piotr Tarcholik. Mikolaj hefur áður komið fram sem einleikari með Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 2019 í tónleikaferð hljómsveitar til Ísafjarðar.

Frédéric Chopin (1810-1849) var sannkallað undrabarn í píanóleik og tónsmíðum og var á heimaslóðum sínum í Póllandi kallaður arftaki Mozarts áður en hann hafði náð tíu ára aldri. Langflest verka hans eru samin fyrir slaghörpuna og urðu áhrif hans á píanótónsmíðar og píanótækni feikilega mikil. Chopin samdi þó aðeins tvo píanókonserterta um ævina og eru báðir æskuverk. Þessa konserta frumflutti Chopin sjálfur í Varsjá og hafði svo með í farteskinu þegar hann hélt til Parísar 1831 að freista gæfunnar. Í París beið hans vissulega frægð og frami, en örlögjin áttu eftir að haga því þannig að hann átti aldrei afturkvæmt til heimahaaga sinna.



Julia Hantschel

EINLEIKARI

Julia Hantschel ólst upp í Aachen í Þýskalandi. Hún stundaði nám við Musikhochschule Freiburg im Breisgau, Sibeliusarakadémiunni í Helsinki og í Hochschule für Musik Basel þar sem aðalkennari hennar var Emmanuel Abbühl. Á námsárum sínum kom hún fram með hinum ýmsu hljómsveitum í Sviss og Þýskalandi, ásamt því að taka þátt í Southbank Sinfonia í London í einn vetur. Á árunum 2015 til 2017 vann Julia í Hyogo Performing Arts Center Orchestra (HPAC) í Japan og hélt síðan til Svíþjóðar þar sem hún starfaði sem fyrsti óbóleikari í Wermlandóperunni um skeið. Julia hefur verið fyrsti óbóleikari Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá árinu 2018 og hefur komið fram sem einleikari með Bachcollegium Freiburg, Kammerorchester Basel, Southbank Sinfonia London og Wermlandóperunni. Þá kom hún fram sem einleikari með Sinfóníuhljómsveit Íslands 2021 þar sem hún flutti óbókonsert Bohuslavs Martinú.

Alessandro Marcello (1673-1747) var Feney-ingur rétt eins og kollegi hans og samtímamaður Antonio Vivaldi. Marcello var aðalsmaður að ætt og samdi kunnáttusamlega og frumlega tónlist sjálfum sér og öðrum til yndisauka milli þess sem hann sinnti verslun og opinberum störfum á borð við dómgæslu. Í óbókonsertinum í d-moll má glögggt heyra hvernig þessi tegund einleikskonserta á rætur að rekja til söngtónlistar, og hægi kaflinn sem hér hljómar er eins og hreinræktuð óperuaría fyrir óbó. Konsertinn er mikil völuðarsmið, enda hreifst enginn annar en Jóhann Sebastián Bach svo mjög af honum að hann umritaði hann í heild sinni fyrir sembal og lífir verkið ekki síður góðu lífi í höndum píanóleikara dagsins í dag.



Jóhann Már Nardeau

EINLEIKARI

Jóhann Nardeau lauk burtfararprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 2006. Vorið 2013 lauk hann svo mastersprófi frá Parísarkonservatoríinu CNSMDP með hæstu einkunn. Sem meistara-verkefni hljóðritaði Jóhann “Söng Bóreasar”, hljómdisk með fjórum norrænum verkum eftir núlifandi tónskáld. Á árunum í Konservatoríinu vann Jóhann til verðlauna í alþjóðlegu trompetkeppnum í Búdapest (2009) og Moskvu (2011). Í Frakklandi er hann meðlimur í Orchestre de l'Opéra de Versailles, metal-rokk hornaflokkinum Cu2+ og Ensemble Sillages sem sérhæfir sig í nútímamúsík. Síðustu ár hefur Jóhann einnig komið fram á barokktrompet. Árið 2013 vann Jóhann Íslensku tónlistaverðlaunin í flokknum Bjartasta vonin og á Íslandi hefur hann komið víða fram sem einleikari og leiðari í Sinfóníuhljómsveit Íslands. Í París hefur Jóhann leikið með fjöldamörgum hljómsveitum. Má þar nefna Hljómsveit Parísaróperunnar, Fílharmóníusveit franska útvarpsins, Orchestre de Paris, Kammersveit Parísar og Ensemble Intercontemporain. Á árunum 2013-2015 gegndi Jóhann stöðu 1. trompetleikara í Orchestre des Lauréats du Conservatoire í París.

Joseph Haydn (1732-1809) stóð á hátindi frægðar sinnar þegar hann heyrði í trompet-virtúósinum Anton Weidinger, sem starfaði við hirð Víonarkeisara, leika á glænýja gerð trompets sem hann hafði sjálfur fundið upp. Hljóðfærði var búið tökkum sem gerði því kleift að leika alla tóna hins krómatiska tónstiga. Konsertinn var saminn með Weidinger og takka-trompetið hans í huga og gerir kröfur til einleikarans sem ekki höfðu áður verið mögulegar, ekki síst í þriðja kaflinum, sem er glettnislegt og grípandi rondó.



Erna Vala Arnardóttir

EINLEIKARI

Erna Vala Arnardóttir píanóleikari fædd 1995, hefur komið fram víða í Evrópu og Bandaríkjunum síðustu ár auk þess að vinna til fjölda verðlauna fyrir leik sinn, svo sem heiðursorðuna Hvítu rósina frá forseta Finnlands, Sauli Niinistö, og fyrstu verðlaun í efsta flokki EPTA píanókeppninnar á Íslandi. Þá var hún ein verðlaunahafa Ungra einleikara árið 2014. Erna Vala hefur leikið einleik með bæði Sinfóníuhljómsveit Íslands og Sinfóníuhljómsveit Áhugamanna. Erna Vala stofnaði menningarfélagið Íslenska Schumannfélagið sumarið 2020 en hún er einnig stofnandi og listrænn stjórnandi tónlistarhátíðarinnar Seiglu sem haldin er árlega í byrjun ágúst í Hörpu. Hún hefur komið fram á tónlistarhátíðum á borð við Við Djúpið á Ísafirði, Fulbright Arctic Initiative í Washington D.C., Albignac Piano Festival í Frakklandi og Trinity Laban samtímalistahátíðar í London. Erna Vala lauk meistaragráðu í píanóleik við Síbelíusarakademíuna í Helsinki 2019. Hún hóf doktorsnám sama ár við USC Thornton School of Music í Kaliforníu sem Fulbright styrkþegi undir handleiðslu Bernadene Blaha. Áður lauk hún bakkalárgráðu og diplóma í píanóleik við Listaháskóla Íslands hjá Peter Máté. Um þessar mundir hlýtur hún starfslaun úr launasjóði tónlistarflytjenda. Hún mun útskrifast með aðra meistaragráðu sína í tónlist í vor, í þetta skiptið í hljóðfærakennslu úr Listaháskóla Íslands.

Andi jazztónlistarinnar svífur víða yfir vötnum í píanókonserntinum í G-dúr, sem varð eitt síðasta stóra verk Maurice Ravel (1875-1937). Sjálfur sagðist Ravel helst hafa sóst eftir því að semja eitthvað fagurt og einfalt, í anda Mozarts og Saint-Saens. „Konsertar eiga að mínum dómi að vera léttúðugir og glitrandi, en ekki keppast við að ná dýpt eða dramatískum áhrifum,“ er haft eftir honum. Það var þó ekki þrautalaust að ná fram þessari áreynslulausu fegurð - sem endranær þjáðist Ravel að eigin sögn yfir hverjum einasta takti og hélt um stund að verkið myndi ganga af sér dauðum.



Grímur Helgason

EINLEIKARI

Grímur Helgason hefur komið nokkuð víða við í íslensku tónlistarlífi undanfarin ár sem kammer-tónlistarmaður, hljómsveitarspilari og flytjandi nútímatónlistar. Hann nam klarinettuleik hjá Sigurði I. Snorrasyni í Tónlistarskólanum í Reykjavík og hjá Einari Jóhannessyni í Listaháshóla Íslands þaðan sem hann útskrifaðist árið 2007. Við námslok hlaut hann brautargengi í keppninni Ungum einleikurum og hlotnaðist styrkur úr Styrktarsjóði Halldórs Hansen. Á námsárum sínum var Grímur jafnframt einn stofnfélaga Kammersveitarinnar Ísafoldar. Hann nam enn fremur við Conservatorium van Amsterdam hjá Hans Colbers og lauk þaðan M.Mus prófi vorið 2011. Meðal hljómsveita og tónlistarhópa sem hann hefur leikið með undanfarin ár má nefna Sinfóníuhljómsveit Íslands, Caput, Stirni ensemble, Kúbus og Kammersveit Reykjavíkur auk samstarfs við fjölbreyttan hóp tónskálda og annarra framsækinnna tónlistarmanna.

Klarínnettukonsertinn nr. 1 í f-moll varð til þegar Carl Maria von Weber (1786-1826) var 24 ára gamall á tónleikaferð um Þýskaland og vakti athygli Maximilians I konungs af Bæjara-landi. Kóngur pantaði tvo konserta af tón-skáldinu unga, enda starfaði framúrskarandi klarínnettuleikari við hirðina, Heinrich Bärmann að nafni. Tónskáldið unga þurfti ekki að biða lengi eftir innblæstri, og segir sagan að fyrsti kafllinn, sá sem hér fær að hljóma, hafi orðið til á einum degi. Þótt verkið geri ríkar kröfur til einleikarans gat klarínnettusnillingurinn Bärmann ekki stillt sig um að bæta við einleikskadensu frá eigin brjósti sem hljómar þegar líður að lokum kafllans og gefur klarínnettuleikaranum tækifæri á að láta ljós sitt skína án hljómsveitarinnar.



Sigurður Flosason

EINLEIKARI

Sigurður Flosason lauk einleikarapróf frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1983. Hann lauk bakkalár- og meistaraáráðum frá Indiana University í Bandaríkjunum 1986 og 88, bæði í klassískum saxófónleik og jazzfræðum. Sigurður stundaði síðan einkánám hjá George Coleman í New York veurinn 1988-89. Sigurður hefur verið mjög virkur í öllum geirum íslensks tónlistarlífs undanfarna áratugi og hefur gefið út rúmlega 30 plötur. Á þeim er fjölbreytt úrval tónlistar; frumsamin tónlist, jazzstandarar, þjóðleg tónlist, trúarleg tónlist, tilraunatónlist og blús, svo eitthvað sé nefnt. Sigurður hefur níu sinnum hlotið íslensku tónlistarverðlaunin, tvisvar verið tilnefndur til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs og einu sinni til dönsku tónlistarverlaunanna. Hann hefur leikið mikið erlendis, bæði í eigin verkefnum og samstarfsverefnum með erlendum listamönnum. Sigurður hefur verið framarlega í þróun rytmískrar tónlistarkennslu hér á landi og gengt leiðandi störfum á því sviði við Tónlistarskóla FIH, Menntaskóla í tónlist og nú síðast við Listaháskóla Íslands. Sigurður var sæmdur Fálkorðunni árið 2021 fyrir framlag sitt til jazztónlistar og tónlistarkennslu.

Sigurður Flosason pantaði saxófónkonsert af Veigari Margeirssyni (f. 1972), en Veigar hefur um árabil verið búsettur í Los Angeles og hefur notið mikillar velgengni í heimi kvikmyndatónlistar. Kaflar konsertsins byggja að hluta á íslenskum þjóðlagastefjum og búa yfir spennandi blöndu af gömlu og nýju, jazz og klassík, skrifaðri tónlist og spuna. Annar kaflar konsertsins nefnist Leikur og byggir að hluta á laginu sem ljóð Jónasar Hallgrímssonar, Hættu að gráta hringaná, er jafnan sungið við - en auk þess geta glöggir hlustendur greint tilvitnun í annað vinsælt þjóðlag: Hani, krummi, hundur, svín. Sigurður frumflutti verkið með Sinfóníuhljómsveitinni árið 2007.



Ari Þór Vilhjálmsson

EINLEIKARI

Ari Þór Vilhjálmsson er búsettur í Tel Aviv þar sem hann starfar sem leiðari 2. fiðlu Fílharmóníusveitarinnar í Ísrael. Hann fæddist í Reykjavík árið 1981 og lauk einleikarprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 2001 undir handleiðslu Guðnýjar Guðmundsdóttur. Hann stundaði framhaldsnám í Bandaríkjunum þar sem helstu kennarar hans voru Almita og Roland Vamos, Rachel Barton Pine og Sigurbjörn Bernhárðsson. Ari starfaði við Sinfóníuhljómsveit Íslands (SÍ) á árunum 2006 - 2015 en flutti þá til Finnlands og tók við leiðarastöðu í Fílharmóníusveitinni í Helsinki. Hann hefur einnig verið gestakonsertmeistari við sinfóníuhljómsveitir í Stokkhólmi og í Toulouse. Ari hefur komið fram sem einleikari með hljóm-sveitum í Bandaríkjunum, Finnlandi og á Íslandi og er þetta í 9. sinn sem hann leikur einleik með SÍ. Hann hefur dálæti á kammertónlist og spilar hana reglulega, m.a. með tónlistarhópum sem hann hefur átt þátt í að stofna; Helsinki Chamber Soloists og White City Ensemble í Tel Aviv. Ari hefur mikinn áhuga á kennslu og hefur kennt við Tónlistarskólann í Reykjavík, Sibeliusarakademíuna og nú við Háskólann í Tel Aviv. Ari spilar á eigin fiðlu sem smíðuð var af Jean-Baptiste Villeneuve í París árið 1830.

Þjotr Tsjajkovskíj samdi fiðlukonsert sinn í mars 1878 meðan hann dvaldi við Genfarvatnið í Sviss og jafnaði sig eftir mikið skipbrot í einkalífínu; illa ígrundað, stutt og afar óhamingjusamt hjónaband. Tsjajkovskíj var eyðilagður og óviss um að hann gæti nokkurn tímann fengið nýjar tónsmíðahugmyndir aftur. Það var heimsókn hins unga fiðluleikara Jósefs Koteks sem tendraði sköpunarkraft Tsjajkovskíjs á ný. Saman lásu þeir í gegnum fjölda kammerverka eitt síðdeggið og örfáum dögum síðar var Tsjajkovskíj tekinn til við að semja grípandi og virtúósiskan fiðlukonsert sem hann lauk við á innan við tveimur vikum.

Sinfóníuhljómsveit Íslands 2022

1. FIÐLA

Vera Panitch
Rannveig Marta Sarc
Zbigniew Dubik
Laura Liu
Andrzej Kleina
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Pálína Árnadóttir
Bryndís Pálsdóttir
Laufey Sigurðardóttir
Sólveig Vaka Eypórsdóttir
Sigrún Harðardóttir

2. FIÐLA

Páll Palomares
Margrét Þorsteinsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Gunnhildur Daðadóttir
Matthías Stefánsson
Kristján Matthíasson
Kristín Björg Ragnarsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Greta Guðnadóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Hrefna Berg Pétursdóttir
Gróa Margrét Valdimarsdóttir

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Sarah Buckley
Herdís Anna Jónsdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Móeiður Anna Sigurðardóttir

Fidel Atli Quintero Gasparsson
Kathryn Harrison
Guðrún Hrund Harðardóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Júlía Mogensen
Bryndís Björgvinsdóttir
Margrét Árnadóttir
Helga Ágústsdóttir
Guðný Jónasdóttir
Hjörtur Páll Eggertsson

BASSI

Xun Yang
Jacek Karwan
Þórir Jóhannsson
Richard Korn
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Hávarður Tryggvason

FLAUTA

Beatriz Macías
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Louis Baumann
Peter Tompkins
Matthías Nardeau

KLARINETT

Argunnur Árnadóttir
Baldvin Ingvar Tryggvason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Brjánn Ingason
Bryndís Þórsdóttir

HORN

Asbjörn Ibsen Bruun
Constantin Glaner
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Carlos Aguilera

BASSABÁSÚNA

David Bobroff

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Katie Buckley

PÍANÓ

Guðríður S Sigurðardóttir

PÁKUR

Soraya Nayyar

Semball

Guðrún Óskarsdóttir

SLAGVERK

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Eggert Pálsson

Lára Sóley Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri
Halla Oddný Magnúsdóttir
listrænn ráðgjafi
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða - og skipulagsstjóri
Jökull Torfason
verkefnastjóri viðburða
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningastjóri

Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrún Hálfánardóttir
mannauðsstjóri
Svanhvít Hrólfisdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
umsjónarmaður nótna
Sigþór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Guðmundur Andrés Erlingsson
sviðs og tæknimaður



Á döfinni

08.09 FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30

Trifonov spilar Beethoven

UPPHAFSTÓNLEIKAR

Daniil Trifonov, einn dáðasti píanóleikari samtímans, leikur með Sinfóníuhljómsveit Íslands í fyrsta sinn, hinn ljóðræna og hrifandi píanókonert nr. 4 eftir Beethoven – „tvímælalaust undraverðasti píanisti okkar tíma,“ skrifar gagnrýnandi stórblaðsins The Times um leik hans. Tónleikarnir hefjast á hinum kraftmikla Egmont-forleik Beethovens. Þá verður nýjasta hljómsveitarverk Önnu Þorvaldsdóttur, ARCHORA, frumflutt á Íslandi en verkið var frumflutt á PROMS-tónlistarhátíð í Lundúnum í ágúst og hlaut einróma lof gagnrýnenda. Tónleikunum lýkur með hinni magnþrungnu sífóníu nr. 7 eftir Jean Sibelius og hér er aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar, hin finnska Eva Ollikainen, bókstaflega á heimavelli.

10.09 LAUGARDAGUR
Kl. 20:00

Daniil Trifonov Einleikstónleikar

EINLEIKSTÓNLEIKAR Í ELDBORG

Þetta eru fyrstu einleikstónleikar Daniil Trifonovs á Íslandi og eru þeir haldnir í framhaldi af tónleikum hans með hljómsveitinni. Trifonov hefur m.a. hlotnast Grammy-verðlaun auk þess sem tímaritin Gramophone og Musical America hafa útnefnt hann Tónlistarmann ársins. Hann hefur hljóðritað fjölda platna fyrir Deutsche Grammophon og hefur leikið með öllum helstu hljómsveitum heims ásamt því að gegna stöðu staðarlistamanns hjá Fílharmoníusveitunum í New York og Berlín. Daniil Trifonov leikur spennandi efnisskrá á þessum einleikstónleikum, verk eftir Tsjajkovskíj, Schumann og Brahms.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Áskrift að upplifun

TÓNLEIKARAÐIR
2022 | 2023

Nýtt starfsár Sinfóníuhljómsveitar Íslands er perlum og stjörnum prýtt – boðið er upp á sex ólíkar tónleikaraðir á starfsárinu 2022-2023. Þú getur komið í áskrift að þeirri tónleikaröð sem höfðar mest til þín og valið þér sæti í Eldborg, eða keypt Regnbogakort sem gefur þér kost á að setja saman tónleikaröð eftir eigin höfði.

Áskrift að tónleikaröðum og Regnbogakorti veitir
20% afslátt af almennu miðaverði.

Nánari upplýsingar í miðasölu
Hörpu og á sinfonia.is.

SINFONIA.IS